

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1987.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 5,65 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 5,65 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 5,65 á kWst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafslmælingu, lágmark 20 kW kr. 1,85 á kWst.

Aflgjald með lýsingu kr. 8 483,00 kW/á ári

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 5,65 á kWst.

Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 4,26 á kWst.

Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun kr. 3,91 á kWst.

4. Hitun.

4.1 Orka til íbúðarhúshitunar, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 1,45 á kWst.

4.2 Orka til atvinnuhúshitunar, roftími $2 \times 2,5$ klst. á dag kr. 1,94 á kWst.

4.3 Orka til hitunar í iðnaði, roftími $2 \times 1,5$ klst. á dag kr. 2,43 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.

c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 27 000,00	1 535,00
63 A 3-fasa	kr. 27 000,00	1 535,00
100 A 3-fasa	kr. 36 765,00	1 735,00
125 A 3-fasa	kr. 44 955,00	1 980,00
200 A 3-fasa	kr. 59 315,00	2 685,00
300 A 3-fasa	kr. 102 550,00	3 115,00

Yfirlengdargjald greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 260,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 260,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 419, 24. ágúst 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.